

Skipulag fagnámsins 2017-2018

Fagnámið er 60 einingar og skipulagt sem vettvangsnám og fjarnám.

Námið hefst 21. ágúst og því lýkur 18. maí.

Ferðir og lotur

Ferðirnar eru tólf og eru í 3 - 12 daga.

Ferðirnar eru ýmist almennar gönguferðir, klettaklifur, fjallaskíðaferðir og jöklaferðir.

Nemendur þurfa að mæta í ferðirnar og námslotu í fyrstu hjálp en geta stundað annað nám hvar sem er.

Ferðir á eigin vegum

Nemendur skipuleggja og fara í ferðir á eigin vegum á því svæði sem þeir búa.

Heimsóknir í fyrirtæki

Nemendur heimsækja fyrirtæki á því svæði sem þeir búa.

Bóklegt nám

Náttúrufræði og skipulagning ferða.

Fyrirlestrar, umræður og verkefnavinna verður á netinu.

Fundir og samráð

Vikulegir veffundir þær vikur sem ekki eru ferðir. Facebookhópur verður nýttur til samskipta og hver nemandi er í reglulegu einstaklingsbundnu sambandi við kennara.

Húsnæði

Skólinn hefur milligöngu um að útvega gistingu á Höfn fyrir þá sem þurfa.

Námsmappa

Hver nemandi heldur námsmöppu þar sem öllu viðkomandi námi hans er safnað saman.

Ágúst

Gönguferð 1. (4 dagar)

September

Klettaklifur 1. (5 dagar)

Gönguferð 2. (3 dagar)

Október

Klettaklifur 2. (4 dagar)

Fjallaferð 1. (4 dagar)

Nóvember

Jöklaferð 1. (3 dagar)

Janúar

Fyrsta hjálp. (3 dagar)

Febrúar

Fjallaskíði 1. (4 dagar)

Jöklar 2. (6 dagar)

Mars

Fjallaskíði 2. (6 dagar)

Apríl

Fjallaferð 2. (5 dagar)

Vorferð. (5 dagar)

Maí

Lokaferð. (12 dagar)

Kostnaður

Skáningargjald er 6000 kr. hvora önn.

Nemendur greiða fyrir námsgögn, persónulegan búnað, fæði, gistingu og ferðir til og frá námsstað.

Skólinn útvegar almennan búnað svo sem til klifurs og ferða á jökli.